

**Fulltrúaráðsfundur í Gerðubergi**  
**10. apríl 2007**

**Mættir:** Stjórn HRFÍ, fulltrúar frá öllum deildum utan fulltrúa frá ensk cockerdeild, íþróttadeild, spanieldeild, fjár- og hjarðhundadeild, retrieverdeild og Svæðafélags Norðurlands.

## **1. Formaður flutti fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ**

Stjórn hefur fundað 19 sinnum frá síðasta aðalfundi þann 21. maí s.l. Stjórnarfundir eru að öllu jafnaði haldnir á 2ja vikna fresti og er fundartími auglýstur á vefsíðu félagsins. Skila á erindum á tölvutæku formi viku fyrir fund.

- **Skrifstofa**

***Sumaropnun:***

Mánudaga og föstudaga kl.9:00-13:00

Þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl.11:00-15:00.

Vinnutími starfsfólks verður óbreyttur en við styttingu opnunartíma skapast meiri tími til vinnu og frágangs ýmissa mála.

***Sumarleyfi:***

Lokun skrifstofu vegna sumarleyfa verður frá og með 23. júlí, opnað aftur 13. ágúst.

- **Samkvæmt beiðni Gordon Setter ræktendenda var felld niður krafa um olnbogamyndir við skráningu á Gordon Setter í ættbók hjá HRFÍ.**

Til skýringar þessari ósk er að ekki er krafist olnbogamynda við skráningu annarra settera né annarra hunda í tegundahópi 7. Einnig benda þeir á að hvorki í heimalandi tegundarinnar, Skotlandi/Englandi né öðrum löndum sem þau hafa kannað sé krafist olnbogamynda við skráningu í ættbók. Þeim er ekki kunnugt um hvers vegna þessi krafa hefur verið sett inn fyrir Gordon Setter.

***Undir þetta erindi skrifa:***

Guðrún Jónsdóttir og Sigmundur Friðþjófsson með ræktunarnafnið Gaflara;

Ragnar Sigurjónsson með ræktunarnafnið Flugu

Ólafur Ragnarsson stjórnarmaður í Fuglahundadeild og jafnframt tengiliður fyrir Gordon Setter.

- **Samþykkt var beiðni tengiliðs fyrir Enskan Bulldog að hætt yrði að hafa það sem skilyrði fyrir pörun að mjaðmamynda.**

Árið 2006 hættu Svíar að mjaðmamynda og þá var Ísland eina landið með þessa kröfu.

- **Viðbót við íslenska útgáfu ræktunarmarkmiðs íslenska fjárhundsins.**

Árið 2003 bætti F.C.I. eftirfarandi setningu aftast í öll sín ræktunarmarkmið:

***Any dog clearly showing physical or behavioural abnormalities shall be disqualified.***

sem við útfærum á íslensku:

***Hundur með augljósan líkams- eða hegðunargalla fær einkunnina 0 (disqualified)***

*Sbr. sýningarreglur HRFÍ*

*Í lið XII. Skýring einkunna segir:*

***"4. 0. einkunn í gæðadómi: Dómari getur gefið þeim hundi einkunnina 0 sem hefur augljósa galla í byggingu, gerð eða geðslagi, þar með taldir hundar sem eru árásargjarnir, hræddir***

og/eða bita. Hundur sem ekki er með tvö eðlileg og rétt staðsett eistu fær einkunnina 0.”

- **Samþykkt var beiðni frá Schnauzerdeild um endurskoðun reglna um ættbókarskráningu hjá dvergschnauzer.**  
Hvolpar undan dvergschnauzer verði ekki ættbókarfærðir nema liggi fyrir augnvottorð foreldra sem er ekki eldra en 12 mánaða við þörun og hundur sé greindur laus við arfgenga augnsjúkdóma. Greinist hundur með arfgenga sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir né afkvæmi hvolpa hans úr fyrri gotum og/eða fleiri afkvæmi foreldra hans. Stjórn telur að þar sem PRA hafi fundist í hundum erlendis sé mikil þörf á að setja inn þessa kröfu á hunda á Íslandi til að fyrirbyggja þetta vandamál í stofninum hérlendis.
- **Stjórn lýsti yfir fullum vilja að styðja við bak Chihuahuedeildar við framkvæmd heilbrigðisskoðunar.**  
Stjórn deildarinnar hefur áhyggjur af heilbrigði stofnsins og hefur því ákveðið af setja af stað könnun á: *hnéskeljalosi, biti hundsins og hlustun á hjarta*. Stjórn hefur leitað til Hönnu M. Arnórsdóttur dýralæknis sem er tilbúin til að leiðbeina þeim um framkvæmd þessarar skoðunar.
- **Bréf barst til stjórnar frá Dómararáði HRFÍ þar sem fylgdi með fundargerð frá fundi dómararáðs þann 10. febrúar sl. sem allir íslensku fuglahundadómararnir voru saman komnir.**  
Meðal mála á dagskrá var umsókn frá Agli Bergmann frá 20. mars 2006 um að fá að hefja dómaramám. Stjórn FHD mælir með Agli sem dómaranema. Dómararáð var samhljóma um að Egill uppfylli öll skilyrði til að hefja nám sem fuglahundadómari. Stjórn HRFÍ samþykkti þessa beiðni og jafnframt að námstími Egils sé metinn frá umsóknardegi þ.e. mars 2006, enda ekki sanngjarnt að hann líði fyrir drátt á afgreiðslu umsóknar.
- **Minningarsjóður Emilíu**  
Nú liggja fyrir endanlegar reglur fyrir sjóðinn, sem er styrktarsjóður og hlutverk hans að veita styrki til einstaklinga sem þurfa á sérþjálfuðum hundum að halda vegna fötlunar. Tekjur sjóðsins verða framlög vegna minningarkorta sem eru til sölu á skrifstofu HRFÍ sem og frjáls framlög einstaklinga og fyrirtækja. Jafnframt mun HRFÍ leggja til árlegt framlag, sem stjórn ákveður hverju sinni. Styrkjum úr sjóðnum verður úthlutað 8. ágúst ár hvert.
- **Sámur**  
Ný gjaldskrá tók gildi fyrir auglýsingar í Sámi frá 1. janúar 2007. Sámur kemur út innan fárra daga. Upplag verður 5000 eintök og verður Sámur seldur í lausasölu í fyrsta skipti.
- **Hundaskóli HRFÍ**  
Nokkrir fundir hafa verið haldnir hjá vinnuhópi um uppbyggingu Hundaskóla HRFÍ. Sænsku hundakennararnir Erica Berglund og Anna Granström frá Svíþjóð komu til landsins helgina 22.-25. febrúar og funduðu með vinnuhópnum, kennurum, leiðbeinendum og nemum. Eru þær tilbúnar að aðstoða okkur við uppbyggingu Hundaskóla HRFÍ og lögðu fram ýmsar hugmyndir í þeim efnum. Unnið er að frekari útfærslu á hugmyndum frá þessum fundi. Ætlunin er að fara fljótlega af stað með námskeið en vinnuhópurinn hittist n.k. fimmtudag þar sem tekin verður ákvörðun hvenær námskeið hefst. Hvolpa- og grunnnámskeið eru í fullum gangi auk veiðihundanámskeiða.

- **Íþróttadeild**

Námskeið í hundafimi fara fram í reiðhöll Gusts. Ábyrgðarmaður og leiðbeinandi er Ívar Bergsteinsson ásamt þremur aðstoðarkonum; Silju Vilhjálmsdóttur, Önnu Birnu Björnsdóttur og Hallgerði Kötu Óðinsdóttur. Jafnframt er boðið upp á framhaldstíma og geta félagsmenn keypt sér þátttökukort á kynningarverði á skrifstofunni.

Eins og fram kom á síðasta fulltrúaráðsfundi þá hefur Ívar ásamt konu sinni þýtt dönsku hundafimireglurnar, sem nú er verið að bera saman við FCI hundafimireglunar áður en við tökum þær í gagnið. Jafnframt þarf að útbúa úrslitabækur, sem Ívar er með í skoðun. Má búast við því að Meistaramót í Hundafimi 2007 verði strax og þessar reglur liggja fyrir.

- **Stofnun nýrra deilda**

Enn sem komið er hefur ekki borist umsókn til stjórnar HRFÍ um stofnun nýrra deilda. Ef stofna á nýjar deildir þarf að skila inn umsókn um það sem fyrst til stjórnar svo hægt verði að bera tillöguna upp á aðalfundi.

- **Ársfundir deilda**

Fuglahundadeild, Deild þýska fjárhundsins, Fjár- og hjarðhundadeild, Unglingadeild, Tíbet Spanieldeild, Írsk setterdeild, Cavalierdeild, Schnauzerdeild, Chihuahuedeild og DÍF, Retrieverdeild og Ensk Cockerdeild hafa haldið ársfundi. Ársfundi deilda á að halda fyrir marslok.

**Þær deildir sem eiga eftir að halda ársfund eru:**

Spanieldeild, Terrierdeild, Smáhundadeild, Úrvalsdeild og Svæðafélag Norðurlands.

## **2. Ýmsir atburðir á vegum félagsins frá síðasta fulltrúaráðsfundi**

### **1. Alþjóðleg sýning þann 3.-4. mars sl.**

Sýningin tókst í alla staði vel. Flestar deildir voru með kynningarbása og auk þess fjöldi fyrirtækja með sölu- og kynningarbása. Um 1400 manns borguðu inn á sýninguna fyrir utan sýnendur. Eins og venjulega lýstu dómarar yfir ánægju sinni með skipulag og framkvæmd. Dómarar að þessu sinni voru Johan Juslin frá Finnlandi, Birgit Seloy frá Danmörku, Sean og Cathy Delmar frá Írlandi og Blaz Kavcic frá Slóveníu. Á sunnudagskvöldinu eftir sýningu hittust síðan dómarar og starfsmenn sýningar á Sport Café í Grafarholti. Var vel mætt að venju. HRFÍ niðurgreiðir mat fyrir starfsfólk um kr.1000.

Sýningunni voru gerð góð skil á heilsíðu í Mbl á þriðjudegi eftir sýningu og í DV á miðvikudegi.

### **2. „Heelwork to music-Freestyle” með Mary Ray þann 17.-18. mars sl.**

18 þátttakendur voru með hunda og nokkrir án hunds. Námskeiðið stóð yfir laugardag og sunnudag kl.9:00-17:00 báða dagana í reiðhöll Gusts. Allir skemmtu sér konunglega og sýndu ótrúlegar framfarir. Allir þátttakendur fengu undirritaða viðurkenningu af Mary, sem vel lét af vistinni og var ánægð með áhuga þátttakenda.

3. Fuglahundadeildin var með veiðipróf þann 10. mars og 31. mars í opnum flokki.

### 3. Á döfinni hjá félaginu

- Fuglahundadeild verður með veiðipróf 13. – 15. apríl n.k.
- Retrieverdeild verður með veiðipróf 19. apríl, 28. apríl, 19. maí, 9.júní og 16. júní.
- Augnskoðun verður í Sólheimakoti föstudaginn 27. apríl frá kl.17:00 og laugardaginn 28. apríl frá kl.9:00
- Veiðipróf Írsk Setter deildarinnar verður 28.-30. apríl n.k.
- Ræktunarnámskeið (líkamsbygging og hreyfing hunda) fer fram 28. apríl (framhaldshópur) og 29. apríl og 1. maí (byrjendahópur). Leiðbeinandi verður dómariinn Hans Áke Sperne frá Svíþjóð.
- Bronsmerki í hlýðni verður haldið 27. apríl í reiðskemmu Sigurbjörns Bárðarsonar. Dómari: Monika Karlsdóttir. Prófstjóri: Valgerður Júlíusdóttir.
- Fuglahundadeild verður með veiðipróf 11. -12. maí og deildarsýningu 13. maí.
- Árlega meistarasýning fer fram í reiðhöllinni Víðidal helgina 23.-24. júní n.k. Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 25. maí. Skrifstofan verður opin þann dag til kl. 16:00. Hægt er að skrá á sýninguna á vefsíðu félagsins til miðnættis þennan dag.

*Dómarar verða:*

1. Eugene Yeruslimsky frá Rússlandi,
2. Fernando Madeira Rodrigues frá Portúgal,
3. Birgitha Runmarker frá Svíþjóð,
4. Harry Vella frá Möltu
5. Mike Bottomley frá Englandi.

*Þær deildir sem koma að vinnu við sýninguna skv. skipuriti eru:*

1. Tíbet Spanieldeild
2. Úrvalsdeild
3. Fuglahundadeild
4. Íþróttadeild.

**Formenn þessara deilda eru beðnir um að láta Halldóru Friðriksdóttur, formann framkvæmdanefndar sýningarstjórnar, fá nöfn þeirra er verða fulltrúar deildanna við þessa vinnu.**

- Dagskrá skapgerðarmats er eftirfarandi:
  - Helgin 19.-20. maí
  - Helgin 2.-3. júní
  - 16. júní -laugardagur áætlað fyrir got
  - Helgin 11.-12. ágúst - áætlað fyrir got

Ef þörf er á verður bætt við skapgerðarmati í ágúst/september  
Skráning í skapgerðarmat hefst 8. mars og fer fram á skrifstofu HRFÍ. Greiðsla þarf  
að fylgja skráningu. Starfsfólk í skapgerðarmati áskilur sér rétt til að fresta  
skapgerðarmati ef skráðir hundar eru fjórir eða færri.

- **Sporleitarpróf verður haldið helgina 9. – 10. júní í spori 1 og 2.**  
Dómari: Albert Steingrímsson. Prófstjóri: Guðmundur Brynjólfsson.
- **Veðiþróf retrieverdeildar og sýning verður 14.-15. júlí og veðiþróf 4. – 5. ágúst.**
- **Hringstjóranámskeið fyrir áhugasama verður haldið aftur, ef næg þátttaka verður.** Áhugasamir skrái sig sem fyrst. Undirbúningur og umsjón námskeiðsins er í höndum Moniku Karlsdóttur og Lilju Dóru Halldórsdóttur.
- **Námskeið „Að starfa í stjórn“ sem haldið er á vegum Leiðtogaskóla UMFÍ, verður haldið aftur, ef næg þátttaka verður.**  
Námskeiðið er ætlað fyrir stjórnarmeðlimi deilda og aðra áhugasama félagsmenn. Áhugasamir skrái sig sem fyrst og nýliðar í stjórnnum eru sérstaklega hvattir til að mæta.

**Upplýsingar um þessa viðburði er hægt að nálgast á heimasíðum viðkomandi deilda og vefsíðu HRFÍ**

## **2. Aðalfundur HRFÍ verður haldinn þann 5. maí kl.11:00 í veislusal reiðhallarinnar í Víðidal**

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rann út 30. mars sl.

### ***Úr stjórn ganga:***

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður,

Margrét Kjartansdóttir aðalmaður

Þorsteinn Kristinsson (sagði sig úr stjórn í ágúst 2006)

Gunnlaugur Valtýsson varamaður

### ***Framboð sem bárust:***

Jóna Th. Viðarsdóttir í endurkjöri til formanns

Margrét Kjartansdóttir, gefur kost á sér til endurkjörs í stjórn

Gunnlaugur Valtýsson, gefur kost á sér til endurkjörs í stjórn.

Björn Ólafsson gefur kost á sér í aðalstjórn HRFÍ og til vara í varastjórn HRFÍ.

## **4. Önnur mál**

### **1. Staða einangrunarmála fyrir gæludýr.**

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður las upp grein eftir Ingibjörgu Þórhallsdóttur kennara og hundaeiganda sem birtist í Morgunblaðinu 1. apríl sl. Greinin fjallaði um reglur um einangrun gæludýra og óeðlilega hækkun á þjónustu í einangrunarstöð gæludýra á Reykjanesi. Í greininni segir m.a. *“Frá því að einangrunarstöðin sem er ein „á markaði“ á Íslandi var opnuð í desember 2005, hefur verðlagsþróun fyrir 4 vikna einangrun verið svona: Í desember 2005, 150.000 kr. Sumarið 2006 hækkaði verðið í 196.000 kr. Í byrjun febrúar 2007 hækkaði verðið í 250.000 kr.”*

Einnig segir í greininni: „Ég get ferðast með hundinn minn um Evrópu með gæludýrapassa sem í eru skráðar allar forvarnaraðgerðir og meðferðir sem dýrið hefur

*fengið, þ.m.t. árlegar bólusetningar gegn hundaeði og öðrum smitsjúkdómum, ásamt niðurstöðum mótefnamælinga í blóði. Bretland, Írland og Noregur (allt hundaeðisfrí lönd) ásamt öðrum löndum í Evrópu virða þennan passa og krefjast ekki lengur einangrunar. Áður en passinn kom til árið 2002 var t.d. 6 mánaða einangrun í gildi í Bretlandi. Fyrir gildistöku Evrópupassa gæludýra var metin áhætta á að hundaeði bærisk til Bretlands. Þá var talið mögulegt að upp kæmi eitt tilfelli á 36 ára fresti og að mannúðlegri meðferð á dýrunum væri þeirrar áhættu virði, enda vel viðráðanleg.”*

Jóna sagði að stjórn HRFÍ væri sammála um að þetta væri nú eitt af baráttumálum félagsins og þess vegna væri mikilvægt að stofna vinnuhóp um einangrunarmál þ.e. að mynda teymi með félagsmönnum og sérfræðingum.

Flestir voru sammála um að það þurfi að berjast á móti þessari miklu hækkun á svo stuttum tíma. Félagsmenn voru beðnir að ræða þetta mál innan deilda og hver væri tilbúin/n til að gefa sig fram strax.

#### ***Eftirtaldir aðilar ætla að mynda starfshóp um einangrunarmál:***

- ❖ Helga Andrésdóttir, í stjórn DÍF og starfsmaður á skrifstofu HRFÍ
- ❖ María Tómasdóttir, cavalierdeild
- ❖ Valgerður Júlíusdóttir, í stjórn HRFÍ og írsk setterdeildar
- ❖ Sigríður Sólveigardóttir, smáhundadeild
- ❖ Sigurlaug Hauksdóttir (Sigríður Sólveigardóttir ætlaði að ræða við hana), DÍF og Svæðafélagi Norðurlands

#### ***Einnig kom tillaga að fá eftirtalda með í starfshópinn:***

1. Ingibjörg Þórhallsdóttir- sú sem skrifaði ofangreinda grein.
2. Steinunn Geirsdóttir dýralæknir
3. Ellen Rut Sigurðardóttir dýralæknir

#### **2. Gjaldskrá dýralækna – Hulda Jónasdóttir í stjórn úrvalsdeildar**

Hulda spurði fundarmenn hvort að þeir hefðu orðið varir við hækkun á gjaldskrá hjá dýralæknum. Hún sagði að hér áður fyrr hefði verið reglulega í gangi verðkönnun á gjaldskrá dýralækna. Jóna formaður lagði til að Hulda tæki að sér að gera verðkönnun og birta niðurstöður í næsta Sámi. Hún bað Huldu að hafa samband við ritstjóra Sáms og segja henni frá áhuga sínum á þessu málefni. Allir voru sammála að verðkönnun veiti dýralæknum aðhald.

#### **3. Kynning á fyrirlestri Dr. Per-Erik Sundgren 12. maí - Guðni Ágústsson formaður DÍF**

Guðni hvatti félagsmenn að koma á fyrirlestur hjá sænska erfðafræðingnum Dr. Per Erik Sundgren þann 12. maí í íþróttahúsinu að Ásvöllum í Hafnarfirði. Fyrirlesturinn fjallar um hundarækt, ræktun lítilla stofna og ræktun á íslenska fjárhundinum. Guðni sagði að hér væri um að ræða einstakt tækifæri sem enginn áhugamaður um hundarækt ætti að láta fram hjá sér fara. Síðasti skráningardagur er 9. maí og kostar kr. 3500. Fyrirlesturinn hefst kl. 11:00 (4 klst.). Í hádegishléi verður hægt að kaupa súpu. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

#### **Jóna hvatti formenn deilda til að segja frá starfsemi sinna deilda.**

#### **4. Fuglahundahátíð 11. – 13. maí, veiðipróf og deildarsýning - Ólafur E. Jóhannsson frá Fuglahundadeild**

Ólafur formaður fuglahundadeildar sagði frá komu Per Harald Nymarks og konu hans Vigdisi frá Noregi en þau eru að kom til að dæma á veiðiprófi og deildarsýningu helgina

11. – 13. maí sem Fuglahundadeild stendur fyrir. Ólafur sagði að Per væri tilbúinn til að vera með fyrirlestur ef félagsmenn óskuðu eftir því. Veiðipróf verða á föstudag og laugardag og deildarsýning á sunnudeginum 13. maí í Reiðhöll Sörla í Hafnarfirði.

#### **5. Augnvottorð og kröfur á hundaeigendur innan deilda- Sigríður Sólveigardóttir, smáhundadeild**

Sigríður spurði stjórn hvort að deild geti sett kröfur á þá hunda sem eru í viðkomandi deild. Sigríði var bent á að senda erindi til stjórnar HRFÍ. Einnig spurði hún um ógild augnvottorð. Jóna formaður benti á að félagsmenn ættu ekki að para hunda með ógild augnvottorð. Hún sagði að stjórn og stafsmenn HRFÍ hefðu hert vinnureglur og eftirfylgni gagnvart félagsmönnum sem brjóta reglur félagsins. Sem betur fer er slíkum brotum að fækka og Jóna ítrekaði að HRFÍ refsaði ekki með ættbókum.

#### **6. Augnvottorð – Hulda Jónasdóttir frá úrvalsdeild**

Hulda sagði að úrvalsdeild væri að senda stjórn HRFÍ reglur vegna tegundahóps 2 er varðar aldur á augnvottorðum. Hún spurði stjórn hvort að úrvalsdeild ætti að reyna að finna upplýsingar á erlendum síðum til að kanna hversu gömul augnvottorð eigi að vera. Jóna benti á eins og erlendu augnlæknarnir hafa gert að slík mál verður að skoðast í samhengi. Hún sagði að almennt sé miðað við 18 mánuði. Fundarmenn bentu á að þeir lentu oft í því að hundar sem eru notaðir í ræktun séu ekki með gild augnvottorð í nokkra daga eða vikur þar sem dagsetningar á augnskoðunum eru mismunandi og aðeins er skoðað tvisvar sinnum á ári.

#### **7. Augnskoðun – í lok júní, hugmynd Guðríðar Valgeirsdóttur**

Guðríður Valgeirsdóttir varaformaður kom með hugmynd að hafa augnskoðun á svipuðum tíma og sumarsýningin þannig að fólk utan af landi gætti nýtt sér ferðina.

#### **8. Vinna við deildarsýningar – María Tómasdóttir, cavalierdeild.**

María spurði hvernig og hvað deildir eigi nákvæmlega að gera fyrir deildarsýningar. Jóna sagði að það hefði ekkert breyst en það eigi að fara eftir starfsreglum ræktunardeilda samkvæmt lið V. um deildarsýningar. Þar kemur fram að umsókn þarf að hafa berast stjórnar HRFÍ fyrir 1. september ári áður en sýning er fyrirhuguð. Stjórn HRFÍ getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði. Einnig þarf að fylgja umsókninni fjárhagsáætlun, dagsetning og staður fyrirhugaðrar sýningar og hvaða hundategundir skuli dæma.

#### **Upplýsingar um næstu dómara.**

María spurði hvort að það væri eitthvað vitað um næstu dómara. Jóna formaður sagði að fljótlega kæmi kynning á netið um dómarana.

#### **9. Ábyrgir ræktendur- Sigríður Sólveigardóttir ofl.**

Sigríður sagðist vilja gera meiri kröfur til fólks sem sækir um ræktunarnöfn eins og t.d. að skylda það á að fara á ræktunarnámskeið. Henni var bent á að þegar félagsmenn sækja um ræktunarnöfn þá þurfi þeir að skrifa undir ákveðna skilmála.

#### **10. Kynning á frambjóðendum – Hulda Jónasdóttir, úrvalsdeild.**

Hulda spurði hvort að það yrði kynning á nýjum frambjóðendum. Hún sagði að það væri gaman að fá kynningu á því fyrir hverju þeir stæðu fyrir. Jóna sagði að fljótlega kæmi kynning á frambjóðendum á heimasíðu félagsins.

Hulda tilkynnti að úrvalsdeild væri að æfa fyrir bronsmerki hlýðni prófið á laugardögum kl.13:00 í Sólheimakoti. Allir eru velkomnir og frjáls mæting.

Fundi slitið,

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði